

Fjárhagsáætlun 2020, áherslur og breytingar

Nokkur óvissa er varðandi launaþróun á næsta ári þar sem kjarasamningar opinbera starfsmanna eru lausir frá vormánuðum, en búið er að semja á almennum vinnumarkaði. Í minnisblaði frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 1. júlí 2019 er farið yfir helstu spástærðir sem liggja til grundvallar fyrir fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna, en hún er byggð á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2019-2024. Samkvæmt henni er áætlað að vísitala neysliverðs hækki um 3,2% og launavísitala um 5,5%. Í gangi eru viðræður milli opinbera starfsmanna og sveitarfélaganna um nýjan kjarasamning og stefnt er á niðurstöðu fyrir 30. nóvember n.k.

Á árinu var innleitt nýtt starfsmat þar sem félagsmönnum BHM var raðað samkvæmt starfsmatskerfi sveitarfélaga, í samræmi við ákvæði í síðustu kjarasamningum. Flestir starfsmenn heilbrigðiseftirlitinu eru félagar í BHM og tóku breytingum í samræmi við nýtt starfsmat. Hafði það óverulegar breytingar á launakostnaði á árinu þar sem starfsmatið gekk út á að færa óunna yfirvinnu inni grunnlaun. Gert er ráð fyrir hóflegum launabreytingum í fjárhagsáætlun.

Lagabreytingar bæði á matvælalögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir leggja auknar skyldur á frumkvæði sveitarfélaganna um birtingu upplýsinga um störf heilbrigðiseftirlitsins. Þá eru auknar kröfur um kynningu á starfsleyfisskilyrðum og umsóknum um starfsleyfi auk birtingu á niðurstöðu eftirlitsskýrslna, aukin kostnaður við heimasíðu og tölvukerfi eftirlitsins. Samið hefur verið um að taka nýtt málakerfi í notkun í byrjun næsta árs, sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru um upplýsingagjöf heilbrigðiseftirlitsins og er verulegur kostnaður samhliða upptöku kerfisins sem hefur áhrif til hækunar á útgjöld vegna tölvumála og eins er gert ráð fyrir auknum starfsmannakostnaði vegna þeirra verkefna.

Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2019 að ráðið yrði í nýja stöðu við mengunareftirlit. Það var að hluta til leyst með tilfærslu verkefna, en ljóst er að sú lausn dugar ekki til langframa og því nauðsynlegt að bæta við starfsmanni í byrjun árs 2020. Aðkallandi er að auka við starfseminna með þessu vinnuframlagi þar sem nýlegar laga- og reglugerðabreytingar auk áherslna stjórnvalda bæði á sveitarstjórnarstigi og hjá ríkisvaldinu um meiri umhverfisvöktun sem ekki tengjast eftirliti með ákveðnum fyrirtækjum. Vinnuframlag núverandi starfsmanna sem sinnt hafa eftirliti verður því að færast í utanumhald varðandi þau mál og einnig bætist við viðhaldskostnaður á mælibúnaði. Þá hafa auknar kröfur um eftirlit með loftgæðum aukið verkefni starfsmanna og eru fyrirætlanir sveitarfélaganna að fjölga loftgæðastöðvum og jafnframt að bæta við færanlegum eftirlitsstöðvum. Framlag sveitarfélaganna kemur til með að hækka vegna þessa.

Stöðumat fyrir yfirstandandi ár 2019 í lok september

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur verið breytt. Síðast með lagabreytingu nr. 66/2017. Þá er verið að vinna að lokabreytingum á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og er þar um umfangsmiklar breytingar að ræða í samræmi við lagabreytingar sem gerðar voru 2017.

Eins og áður hefur komið fram eru helstu breytingar þær að birta á upplýsingar úr eftirliti og auglýsa starfsleyfi og fyrirhuguð starfsleyfisskilyrði. Eftirlitsskýrslur eiga að vera aðgengilegar á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Sama á við um undirbúning og útgáfu starfsleyfa. Ráðherra er nú heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka III-V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis. Jafnframt eykst upplýsingaöflun fyrir

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

undirbúning starfsleyfisgerðar. Auglýsa skal á vefsvæði fyrirhugaða útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting. Upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi, umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kærueheimildir, skráningar og aðrar viðeigandi upplýsingar skulu vera á vefsvæði eftirlitsins. Ekki hefur tekist með fullnægjandi hætti að uppfylla þessa kröfu laganna og eins er ókomin reglugerð varðandi skráningarskyldu og með hvaða hætti heilbrigðiseftirlitin sinna eftirlitsskyldum með þeim fyrirrtækum.

Þá var gerð breyting á matvælalögum á vorþingi 2019. Heilbrigðisnefndum sveitarfélagar ber að skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun gerir á grundvelli laga og reglugerða um þau efni sem settar eru samkvæmt lögnum. Í því felst m.a. að birta skal opinberlega upplýsingar um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt matvælaeftirliti. Heimilt er einnig að ákveða birtingu á eftirlitsskýrslum sem flokkunin byggist á. Ráðherra á eftir að ákveða með reglugerð með hvaða hætti frammistöðuflokkun er birt. Hann getur ákveðið að birta flokkunina í heild en einnig að birta aðeins lista yfir fyrirtæki sem flokkast í tiltekinn flokk eða flokka. Einnig skal kveðið á um í reglugerð hvort birta skuli eftirlitsskýrslurnar. Gert er ráð fyrir í innleiðingaráætlun Matvælastofnunar að það sé búið sé að áhættuflokka alla eftirlitsaðila á árinu 2020 og í framhaldinu verði frammistöðumat úr eftirliti birt á vefsvæði eftirlitsins frá og með 1. janúar 2021.

Vinnuframlag eykst við eftirlit og þá sérstaklega við úrvinnslu vegna þessara lagabreytinga. Liggur meginþunginn í aukinni vinnu við leiðbeiningar til eftirlitsaðila og auk þess sem ný vinnubrögð við birtingu og samræmingu þeirra, kallar á meiri yfirlegu og undirbúning starfsmanna.

Kjarasamningar eru nú lausir eins og komið hefur fram, búið er að gefa út viðræðuáætlun þar sem stefnt er að gerð nýs kjarasamnings fyrir 30. nóvember n.k. Þá hafa verið greiddar eingreiðslur 1. ágúst og gert er ráð fyrir að greidd verði eingreiðsla 1. nóvember sem innágreiðslur á væntanlegan kjarasamning. Nýtt starfsmat var unnið á árinu og hafa þeir starfsmenn sem taka laun samkvæmt kjarasamningum BHM verið uppfærðir í launum samkvæmt því mati.

Fastir starfsmenn eru nú framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og heilbrigðisfulltrúar. Starfsmaður í hluta starfi er við ræstingu skrifstofu húsnæðis en húsfélag sér um ræstingu í sameiginlegu rými.

Í sumar voru fjórir námsmenn í verkefnavinnu við eftirlitsstörf og mælingar. Líffræðinemi í BS-námi, líffræðisnemi í MS námi og verkfræðinemar í BS-námi.

Nýr framkvæmdastjóri kom til starfa í lok árs 2018 og starfaði fyrrverandi framkvæmdastjóri fram til 1. apríl í hlutastarfi sem deildarstjóri matvælaeftirlits, en þá kom til starfa nýr deildarstjóri sem tók við stjórn matvæla- og hollustuháttasviðs.

Ein starfsmaður fór í fæðingarorlof í lok apríl og var ráðinn heilbrigðisfulltrúi í hans stað, sem hóf störf 1. maí. Þá fór einn starfsmaður í veikindaleyfi í byrjun apríl og hefur ákveðið að láta af störfum í framhaldi af veikindaleyfi sínu. Ekki var gert ráð fyrir slíkum ófyrirséðum atvikum í fjárhagsáætlun fyrir 2019 og var reynt að bregðast við þeirri stöðu með því að fjölga sumarstarfsmönnum.

Útlagður launakostnaður á árinu 2019 stefnir í að samsvara milli 11 og 12 stöðugildum sem 16 einstaklingar hafa gengt eða tengst á árinu.

Almennt um fjármál og rekstur

Ákveðin hluti starfseminnar snýr að almennu eftirliti, samskiptum innan stjórnarsýslunnar og þjónustu við borgarana. Á árinu 2018 var þessi þáttur 31,4% af heildarútgjöldum heilbrigðiseftirlitsins, en stefnir í að vera um 29% af heildarútgjöldum ársins 2019 og er sá hluti fjármagnaður með framlagi frá

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

sveitarfélögum. Vegna aukinna verkefna á því sviði s.s. auknar loftgæðamælingar, aukið markaðseftirlit og önnur verkefni sem tengjast aukinni þjónustu við íbúanna er reiknað með að það hlutfall hækki lítillega árinu 2020.

Megin þáttur starfseminnar snýr samt áfram að eftirlitsskyldum aðilum og er stefnt að því að mæta þeim kostnaði með eftirlitsgjöldum. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Samkvæmt matvælalögum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið]:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Ráðherra hefur gefið út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits.

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit. Lögð er til breyting á tímagjaldi í kr. 17.500 og sýnatökugjald í kr. 18.000 sem er í samræmi við áætlað kostnað eftirlitsins og er í takt við almenna verðlags- og launaþróun. Tímagjald hefur verið kr. 16.500 og sýnatökugjald kr. 17.200. Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Innheimta gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi.
- Eftirlit vegna hundahalds. Lögð er til breyting á árlegu eftirlitsgjaldi í kr. 14.000 (kr. 7.000 með afslætti) og er það 6% hækkun frá fyrra ári. Stefnt er að því að birta hundaskrána á heimasíðu eftirlitsins í samræmi við kröfur um gegnsæi í opinberri skráningu. Nokkur vinna liggur í að undirbúa þá birtingu. Önnur verkefni er snúa að hundahaldi eru mest megnis vegna ónæðis en líka vegna alvarlegra tilfella s.s. hundsbits. Lagt er til að skráningargjald sé kr. 10.000 og er það veruleg lækkun frá fyrra ári. Tilgangur þeirrar lækkunar er að hvetja til skráningar á hundum, en gert er ráð fyrir að töluverð aukning verði í skráningum við opinbera birtingu á hundaskrá.

Heilbrigðiseftirlitið er með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt aksturssamningum og akstursdagbókum. Stefnt er að því að endurnýja bifreiðar heilbrigðiseftirlitsins á næstu árum og vera einungis með umhverfsvæna bifreiðar í rekstri. Þeirri endurnýjun verði lokið í árslok 2022.

Heilbrigðiseftirlitið er með aðsetur á Garðtorgi 5 og á árinu urðu aðilaskipti á eigendum húsnæðisins. Gerðar var viðbótarleigusamningur um viðbótarhúsnæði fyrir eftirlitið og hefur það áhrif til hækkunar á húsaleigu um 20%. Leigusamningur húsnæðisins gildir fram að miðju ári 2021 með vilyrði fyrir að vera í húsnæðinu fram á mitt ár 2022. Hafa þarf í huga færslu stofnunarinnar fyrir þann tíma, en ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa á árinu 2020.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum. Matvælasýni ber að taka til mælinga vegna matvælaöryggis. Slík sýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísi. Innheimta ber kostnað við sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu í reglubundnu eftirliti. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru vegna neysluvatns, varnarefna í matvælum og annarra innihaldsefna matvæla auk mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Möguleiki til að innheimta rannsóknarkostnað er að jafnaði ekki fyrir hendi. Á árinu 2019 hefur verið nokkuð um innkallanir og rannsóknir í kjölfarið, sem hafa komið upp vegna matarsýkinga og hefur rannsóknarkostnaður því aukist aðeins.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla. Ekki er áform um breyta því fyrirkomulagi á árinu 2020.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta s.s. þjónusta lögmanna hefur aukist nokkuð og á sá kostnaður uppruna í starfsmannaráðningum og eftirmálum þeirra. Þá er að aukast þörf á lögfræðilegri ráðgjöf vegna kærumála vegna eftirlits og krafna sem eftirlitsaðilar ákveða að senda til úrskurðarnefnda.

Aukin umhverfisvöktun og sérhæft mengunarvarnaeftirlit eykur þörf á aðkeyptri sérfræðiþjónusta, þó svo reynt sé að leysa alla helstu vöktun og eftirlit af starfsmönnum eftirlitsins. Aðkeypt þjónustugjöld banka hafa hækkað lítillega sem og kostnaður við móttöku greiðslukorta.

Almennt fyrir starfsáætlun 2020

Heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að vernda hagsmuni íbúa nærsamfélagsins og neytendur viðkvæmrar þjónustu og matvæla. Því er ætlað að stuðla að viðhaldi umhverfisgæða og jákvæðri þróun umhverfismála. Unnið er að þessu í eftirliti. Eftirlit sem á að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli og fylgja verði eftir kröfum um úrbætur þar sem það á við.

Verkefnum í matvælaeftirliti, eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum, umhverfisvöktun og mengunaróhöppum hafa verið að breytast. Koma þar fram nýjar áherslur sem birtast í reglugerðum og opnari umræðu í samfélaginu. Mæta þarf auknum kröfum um birtingu upplýsinga á vefsvæði stofnunarinnar. Jafnframt er nauðsynlegt að auka skipulagða eftirfylgni við framkvæmd eftirlits. Unnið er að upptöku á nýju mála- og tölvukerfi fyrir eftirlitið og mun aðlögun starfsmanna að nýjum kerfum á árinu taka nokkurn tíma. Það mun síðan skila sér í meiri samræmingu á eftirliti og birtingu niðurstaðna sem og skilvirkni við eftirfylgni.

Þá verður ríkari áhersla lögð á fræðslu og leiðbeiningaskyldu eftirlitsins og á það sérstaklega við um nýja starfsemi. Starfsleyfi eru þá afgreidd og oft farið tímabundið í tíðari eftirlitsferðir í trausti þess að það geti leitt til betri árangurs í framhaldinu. Eins og áður hefur komið fram eru breytingar á regluverki varðandi starfsleyfisskyldu í hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti í farvatninu og er reiknað með að þær komi til framkvæmda í byrjun ársins 2020. Helsta breytingin er að starfsleyfisskylda verður aflögð á nokkrum sviðum atvinnulífs og tekin upp skráningarskylda. Að mati eftirlitsins á það ekki eftir að einfalda umsjón með mengunar- eða hollustuháttaeftirliti þar sem starfsmenn eftirlitsins koma seinna að málunum með fræðslu og leiðbeiningar sem getur haft kostnaðarsamar afleiðingar fyrir viðkomandi aðila. Lögð verður áhersla á að þjálfa og aðlaga störf heilbrigðisfulltrúa nýjum starfsháttum þannig að það verði ætíð í heiðri að halda uppi gæðum í starfseminni og til að standast flóknari formreglur stjórnsýslunnar.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

Forsendur fjárhagsáætlunar

Stuðst er við minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. júlí 2019 en þar er stuðst við síðasta spá Hagstofunnar (sumarspá) sem var birt 10. maí sl. Vetrarspá mun svo birtast um miðjan nóvember en þá liggur endanleg fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir. Í sumarspánni er gert ráð fyrir að verðbólga aukist frá fyrra ári, vísitala neysluverðs hækki um 3,2% og launavísitala um 5,5% frá 2019 til 2020. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem almenna vísbendingu um verðbreytingar á rekstrarvöru og þjónustu. Eins og áður hefur komið fram eru kjarasamningar lausir og stefnt er að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 30. nóvember 2019. Þar sem búið var að semja á almennum vinnumarkaði þegar Hagstofa gaf út spá um launavísitölu, má gera ráð fyrir að þeirra niðurstaða verði nálægt þeim samningsmarkmiðum sem viðsemjendur eru að takast á um.

Útgjöld vegna starfsmannakostnaðar eru um 72% af rekstrarkostnaði og þess vegna getur frávik frá spá Hagstofu hæglega breytt forsendum fjárhagsáætlunar verulega.

Íbúáþróun

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar voru íbúar þann 1. janúar 2018 alls 81.089 og er fjölgun 2,5% milli ára. Spár um íbúáþróun gera ráð fyrir áframhaldandi íbúafjölgun.

Sveitarfélög	Íbúafjöldi			
	Janúar 2019	Janúar 2018	Janúar 2017	Janúar 2016
Kópavogur	36.975	35.970	35.246	34.140
Hafnarfjörður	29.799	29.412	28.703	28.189
Garðabær	16.299	15.709	15.230	14.717
Samtals	83.073	81.089	79.179	77.046

Starfsmannahald 2020

Umfang eftirlits eykst vegna aukinna krafna um sýnileika og meiri formfestu. Íbúafjölguninni fylgir fjölbreytt starfsemi. Á móti kemur að hægst hefur á stofnun nýrra fyrirtækja og útgáfa á nýjum starfsleyfum hefur fækkað frá fyrra ári. Kröfur til heilnæmara umhverfis kalla á umhverfismótun og upplýsingagjöf til stjórnvalda og almennings. Krafa um örugg matvæli hefur verið hér allengi. Nákvæmari upplýsingar um innihald, óþolsvalda og uppruna matvælna fylgja breyttum lífstíl fleiri og fleiri neytenda. Kröfur almennings eru að koma fram í lögum og reglugerðum. Um leið birtast áherslur um meiri formfestu og frumkvæði í birtingu upplýsinga. Kröfur í lögum og reglugerðum koma einnig fram eftir skuldbindingar sem innlend stjórnvöld hafa gert við aðrar þjóðir og eftirlitsstarfsemi hér innanlands þarf að sæta eftirliti alþjólegra stofnanna.

Unnið er að breytingum á vefsvæði eftirlitsins á birtingu starfsleyfiskilyrða og auglýsingu starfsleyfa í samræmi við nýja reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri. Í samræmi við þá reglugerð er einnig aukin áhersla á eftirlit með starfsemi sem valdið getur mengun. Til að mæta þessu var ráðinn heilbrigðisfulltrúi með þekkingu á þessu sviði til að styrkja það eftirlit og koma á móts við aukna vinnu við kerfisbundið mati á umhverfisáhættu, gerð viðbragðsáætlana, umhverfismótunar, vinnu vegna mengunaróhappa, frumkvæðisskyldu um upplýsingagjöf um umhverfismál, eftirlit með vatnsvernd og almenns eftirlits með mengunarvörnum og umgegni.

Unnið hefur verið að því að áhættu meta fyrirtæki sem lúta matvælaeftirliti og í framhaldinu verður krafist frammistöðuflokkunar á starfsemi þeirra. Á árinu 2020 verður unnið að því að aðlaga tölvu- og

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

málakerfi eftirlitsins að nýjum þörfum í birtingu gagna og krefst það umtalsverðrar vinnu við yfirfærslu gagna og þjálfunar starfsmanna.

Á liðnum árum hefur verið ráðnir sumarstarfsmenn til að fara í einfaldara eftirlit og auka þannig vettvangsathuganir og mæta auknum verkefnum í skráningum. Sú lausn hefur gefist vel og komið þannig til móts við óvæntar breytingar í starfsmannamálum sem upp hafa komið, s.s. vegna veikinda eða óvæntra starfsloka. Vinna við eftirfylgni verður þó ómarkvissari þegar eftirlitsmaður getur ekki fylgt eftir sínu fyrirtæki, en reynt er að mæta því með bætum verkferlum og skipulagi.

Lagt er upp með að deildastjórar komi meira að eftirfylgni og stefnumörkun en minnki sinn þátt í beinu eftirliti. Með vel þjálfuðu starfsfólki á að verða auðveldara að fylgja eftir kröfum um úrbætur. Starf framkvæmdastjóra kemur til með að breytast í ljósi utanumhalds um upplýsingagjöf til almennings og samræmingar og stefnumörkunar í eftirliti á landsvísu, auk þess sem innleiðing á nýju tölvu- og málakerfi kemur til með að taka umtalsverðan tíma frá bæði framkvæmdastjóra og deildarstjórum. Þá gera ný lög um persónuvernd ráð fyrir að persónuverndarfulltrúi verði skipaður hjá eftirlitinu og mun verður það leyst með samstarfi við persónuverndarfulltrúa sveitarfélaganna.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum. Neysluvatni hjá almenningi, fyrirtækjum í matvælaíðnaði og stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum. Vatnsveitur með og án vatnsbóla eða einstök vatnsból eru 7 talsins á svæðinu.

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi, skjalfestar verklagsreglur og eftirlitsáætlun eru tæki sem nýtt eru til samræmingar á eftirliti. Matvælastofnun hefur verið að þróa gagnagrunnskerfið „Ísleyfur“ til að styrkja matvælaeftirlitið í landinu og samræma vinnulag. Unnið er að innleiðingu á gagnagrunninum og jafnframt er þróunarvinna í gangi sem hefur það markmið að auðvelda og samræma störf heilbrigðiseftirlita landsins. Kerfið heldur utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður eftirlits. Öll skýrslugerð mun verða til muna auðveldari í framhaldinu. Jafnframt er unnið að áhættumati og þróun eftirlitshandbókar. Innleiðingu þessara kerfa á að vera langt komið fyrir árslok 2019, en á árinu 2020 verður áherslan á að tengja saman nýtt tölvu- og málakerfi heilbrigðiseftirlisins við gagnagrunninn.

Matvælaeftirlit skal fjármagnað samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin gefa út fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælaefyrirtækin greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Fyrirtækin eiga sjálf að taka sýni til að tryggja að örverufræðileg viðmið standist. Opinberir eftirlitsaðilar eiga að taka sýni til að sannprófa að niðurstöður fyrirtækjanna standist.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, er með eftirlitsheimsóknir í EFTA-löndunum. Kannar stofnunin þannig eftirfylgni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlitssvæðin, Tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru stofnanir sem ESA gerir úttektir hjá í sambandi við matvæli og neysluvatn. Áætlun ESA fyrir næsta ár er ekki kunn ennþá.

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms. Tilvik

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

varðandi þessi atriði eru ekki mörg á ári, en gera verður ráð fyrir bæði vinnu og fjármagni til rannsókna. Hættan á að eitthvað fari úrskaiðis er til staðar og verður alltaf að vera viðbúin þeim.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar heldur nokkra fundi á ári. Hlutverk hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitssvæða innbyrðis og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins. Auk þess er vofundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum vegna sameiginlegra verkefna og samræmingar á vinnubrögðum. Samvinna heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar og framkvæmd eftirlits eins og lýst hefur verið var lögfest með lagabreytingu á matvælalögum nr. 33/2018.

Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit

Eftirlit skal vera með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit. Eftirlitið skal ná til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftirlit fer fram með þeirri starfsemi sem er í raun og veru en er ekki bundið við eftirlit með starfsleyfisskilyrðum. Þjálfun, staðkunnátta eftirlitsmanns og stöðuleiki í eftirliti eru grundvallar atriði. Reglulegar eftirlitsáætlana gerðar til að halda utan um og tryggja reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsóknar fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknar skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhrifum viðkomandi starfsemi og skal, fyrir starfsemi samkvæmt viðaukum I og II, ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhrifum en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhrifum. Vegna hollustuháttaeftirlits er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár algengastar. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir s.s. til stórra sundstaða. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim. Fjöldi aðila þar sem sinna þarf eftirliti vegna mengunarvarna eða hollustuhátta eru rúmlega 1200.

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Sölustöðum tóbaks hefur fækkað og eru um 44 talsins. Í ljós hefur komið að fjöldi ungs afgreiðslufólks hefur óbeina aðkomu að tóbakssölu og því fyllsta ástæða til að draga ekki úr þessu eftirliti.

Umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga í andrúmslofti og með vatnsgæðum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróum. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiddi er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum.

Í reglugerð um fráveitur og skólþ eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og fjörur mengast. Úr þessari mengun hefur dregið eftir vöktun og samstarfi við sveitarfélögin sem reka fráveitukerfin í umdæminu. Áhættan á rangtengingum og löskuðum lögnum er stöðugt fyrir hendi og á hverju ári koma tilkynningar um mengun í lækjum og vötnum og er þá reynt að finna uppruna mengunar í samstarfi við starfsmenn sveitarfélaganna. Ráðgert er að halda áfram skipulagðri vöktun í svipuðum farvegi. Niðurstöður mengunarmælinga eru birtar jafn óðum á heimasíðu stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið hefur rekur tvær loftgæðamælistöðvar. Er önnur staðsett við Dalsmára í Kópavogi og hin við Norðurhellu í Hafnarfirði. Á heimasíðu eru aðgengilegar niðurstöður fyrir almenning úr símaælingum á loftgæðum í umdæminu. <http://heilbrigdiseftirlit.is/> og eins heldur Umhverfisstofnun úti

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

vefsíðu www.loftgædi.is þar sem þessar niðurstöður eru birtar ásamt niðurstöðum frá öðrum mælistöðum á landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikil áhugi á að auka frekar loftgæðamælingar og m.a. vera með færanlega loftgæðastöð til að auka þekkingu okkar á breytingum á loftgæðum á svæðinu. Í nýlega breyttum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram eftirfarandi: „...í því skyni að vinna gegn loftmengun og skaða af hennar völdum og til að hafa eftirlit með framvindu og bættum loftgæðum skulu Umhverfisstofnun, sbr. [51. gr.], 1) og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sbr. [47. gr.], 1) afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar eftir því sem þörf er á, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heilbrigðisnefndum ber þó einungis að setja upp og reka mælistöðvar vegna hugsanlegs álags vegna umferðar eða starfsemi telji heilbrigðisnefnd eða sveitarfélag það nauðsynlegt“. Gagnsemi þeirra mælistöðva sem verið hafa í rekstri hafa að mati heilbrigðisnefndar sannað gildi sitt og er því eins og áður hefur komið fram gert ráð fyrir að fleiri mælistöðvum. Önnur ákvæði í lagabreytingunni gera það ekki síður mikilvægt að halda loftgæðamælingum áfram en þar er kveðið á um að: „Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu einar sér eða með samvinnu sín á milli gefa út áætlun um loftgæði á sínu svæði þar sem m.a. koma fram tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Þá skulu heilbrigðisnefndir vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi loftgæði á þeirra svæði. Heilbrigðisnefndir skulu gefa út tilkynningar til almennings um loftgæði á þeirra svæði eftir því sem við á. Ef hætta er á að styrkur mengunarefna í andrúmslofti á tilteknu svæði eða tilteknum þéttbýlisstað fari yfir umhverfismörk samkvæmt ákvæðum í reglugerð skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd gera aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr hættu sem af því ástandi stafar eða stytta tímabilið sem ástandið varir. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram til hvaða skammtímaráðstafana verði gripið til að draga úr þeirri áhættu eða stytta þann tíma sem farið er yfir umhverfismörk.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfissvöktun. Efla þarf mælingar og bæta tækjakost við hávaðamælingar og er stefnt að því á árinu 2020. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögum vegna hávaða sem ætlaðar eru til að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu. Þar er horft til umferðaskipulags, skipulag landnotkunar s.s. með að færa hávaðasama starfsemi og önnur atriði s.s. stuðla að umhverfissvænni ferðamáta. Vonandi munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum.

Dýraeftirlit

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samningar eru um hundageymslu og kattageymslu. Samningum þessum fylgir kostnaður og hefur heilbrigðiseftirlitið haft umsjón með málaflokknum. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Eftirlit með dýravelferð færðist frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar með lögum sem tóku gildi 1. janúar 2014. Enga síður er algengt að líta á slík mál sem málefni nærsamfélagsins og berast kvartanir um illa meðferð dýra til heilbrigðiseftirlitsins og sveitarfélaganna, sem koma þeim upplýsingum til Matvælastofnunar. Sveitarfélögin fengu verulegar auknar skyldur varðandi afskipti og vörslu dýra sem lenda í lausagöngu. Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um þann þátt sem snýr að gæludýrum og aðstoðar starfsmenn sveitarfélaganna varðandi búfenað.

Nýskráningum hunda fjölgar ekki eins og áður. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi með lækkun eftirlitsgjalda virðist þó skila árangri. Fá afskipti af hundum sem farið hefur verið með á námskeið styðja þá ályktun. Til stendur að birta hundaskrána á heimasíðu eftirlitsins og þannig gera skráningu hunda sýnilegri en áður. Vonast er til að sú birting verði hvatning til þeirra hundeigenda sem ekki eru með sína hunda skráða, að skrá þá í samræmi við samþykktir

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis - Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

sveitarfélaganna. Kvörtunum og afskiptum vegna hunda hefur ekki fjölgað á sama hátt og dýrum. Afgreiðsla skráninga krefst vinnuframlags og fyrirpurnum vegna ákvæða fjöleignahúsa hafa fjölgað.

Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinafélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Ekki eru áætlanir um breytingar á þeim samningi.

Samantekt

Forsætisráðherra skipaði í maí 2017 nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999. Markmið nefndarinnar er að auka hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti með það fyrir augum að eftirlit nái markmiðum sínum um velferð, öryggi, heilbrigði og eðlilega viðskiptahætti. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á liðnum misserrum til að koma á mótis við þessi markmið með nýrri lagasetningu og endurbótum á reglugerðum. Að mati Samtaka heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna hafa þessar breytingar ekki skilað sér í einfaldari stjórnslu í opinberu eftirliti og frekar aukið flækjustigið ef eitthvað er. Óvissa er um með hvaða hætti skráningarskylda fyrirtækja hefur á framkvæmd eftirlits og hvernig verði háttáð leiðbeiningaskyldu með staðsetningu atvinnustarfsems í sveitarfélögunum.

Auknar kröfur um fagmennsku og samræmingu í störfum á eftir að einfalda eftirlit og bæta þjónustuna við einstaklinga og fyrirtæki sem njóta þjónustu heilbrigðiseftirlitsins, en á eftir að kalla á aukin mannafla og að hugað verði að endurmenntun starfsmanna með skipulögðum hætti.

26. september 2019

Hörður Þorsteinsson